

## AUGLÝSING

**um afnám auglýsingar um skráningu eiturefna og hættulegra efna til nota í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra nr. 127/1974.**

1. gr.

Auglýsing um skráningu eiturefna og hættulegra efna til nota í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra, nr. 127/1974, er felld úr gildi frá og með 20. febrúar 2000.

2. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 9. febrúar 2000.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Ingimar Sigurðsson.*

15. febrúar 2000

Nr. 104

## SAMÞYKKT

**um sorphirðu í Sveitarfélaginu Hornafirði.**

1. gr.

Sveitarfélagið Hornafjörður annast rekstur sorphreinsunar og sorpförgunar í sveitarfélaginu og getur í því skyni ráðið til sín verktaka. Verktakar skulu hafa starfsleyfi útgefin af heilbrigðisnefnd Austurlands eða Hollustuvernd ríkisins, eftir því sem við á, og hefur heilbrigðisnefnd eftirlit með starfsemi.

Sveitarfélagið annast, í samráði við heilbrigðisnefnd Austurlands, útgáfu leiðbeiningarrita um flokkun og aðra meðferð úrgangs, móttöku hans og förgun.

2. gr.

Eigendur alls húsnæðis, þar með talið atvinnuhúsnæði, sumarhús, stofnanir, mótuneyti, hótél, veitingastaðir o.fl., þar sem úrgangur fellur til, eru skyldugir til að fylgja ákvæðum samþykktar þessarar.

Sérhverjum húseiganda og umráðamanni húsnæðis (húsráðanda) er skylt að nota þær aðferðir og þau ílát við geymslu og meðferð úrgangs sem sveitarfélagið ákveður hverju sinni í samræmi við lög og reglur þar að lútandi.

Til að auðvelt sé að losa sorpílat þarf aðgengi þeirra að vera mjög rúmt. Sorpílat skal staðsett við hús eða aðkomu að húsi sem næst götu. Sorpgeymslur skulu vera aðgengilegar fyrir sorphreinsunarmenn allt árið. Húsráðendur skulu hreinsa snjó frá sorpílatum á veturna og halda greiðfærri leið að þeim.

3. gr.

Hvert heimili skal hafa eigið sorpílat og halda því hreinu og í góðu ástandi. Auk þess skulu fyrirtæki og stofnanir hafa a.m.k. eitt ílát undir neysluúrgang og skal það ílát tæmt af þeim aðila sem sér um sorphreinsun í sveitarfélaginu.

Með neysluúrgangi og heimilisúrgangi er átt við allan úrgang sem fellur til á heimilum, í eldhúsum og á kaffistofum fyrirtækja og stofnana.

Til heimilisúrgangs telst ekki rekstrarúrgangur frá stærri mótuneytum og veitingarekstri. Garðaúrgangur og grófur úrgangur telst ekki vera heimilisúrgangur.